

## 7. gr.

Úrskurðir nefndarinnar eru fullnaðarúrskurðir á stjórnisýslustigi og verður ekki skotið til umhverfissráðherra.

## 8. gr.

Um málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd fer að öðru leyti samkvæmt stjórnisýslulögum nr. 37/1993.

## 9. gr.

Kostnaður vegna úrskurðarnefndar greiðist úr ríkissjóði. Sérstakur starfsmaður skal ráðinn til þess að vera framkvæmdastjóri nefndarinnar. Skal hann uppfylla skilyrði til þess að vera héraðsdómari.

## 10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 2. mgr. 8. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og öðlast gildi 1. janúar 1998.

*Umhverfissráðuneytinu, 30. október 1997.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Magnús Jóhannesson.*

## GJALDSKRÁ

**vegna hundahalds í Stokkseyrarhreppi.**

## 1. gr.

Árgjald fyrir leyfi til að halda hund í Stokkseyrarhreppi, sbr. stafl. b og f 2. gr. samþykktar um hundahald í Stokkseyrarhreppi nr. 372/1997 skal vera kr. 4.500.

Innifalið í gjaldinu er hundahreinsunargjald og iðgjald ábyrgðartryggingar. Gjald dagi er dagsetning gíróseðilsins, en eindagi 20 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið eigi greitt í síðasta lagi á eindaga. Hafi gjald ekki verið greitt innan tveggja mánaða frá gjalddaga fellur leyfið úr gildi.

## 2. gr.

Handsömunargjald, sbr. 3. og 4. gr. framangreindrar samþykktar skal vera kr. 2.500 í fyrsta skipti, kr. 5.000 í annað skipti og kr. 6.000 í þriðja skipti.

## 3. gr.

Um vexti á vangreiddum leyfisgjöldum gilda almennar reglur.

## 4. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps og staðfestist hér með samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðar breytingum, og öðlast gildi nú þegar.

*Umhverfissráðuneytinu, 5. nóvember 1997.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*